

Heimsminjar og ferðamennska

Stækkandi iðnaður

Ferðaþjónustuiðnaðurinn hefur vaxið gríðarlega mikið á síðastliðnum fimmtíu árum og þessi þróun hefur mikil áhrif á fjölda heimsóknna á heimsminjasvæði. Aldrei fyrr hefur fólk ferðast eins mikið og jafn langa vegu og það gerir í dag. Sem dæmi má nefna störfuðu um 25 milljón manns innan ferðaþjónustu á sjötta áratug síðustu aldar, samkvæmt mælingum WTO, miðað við yfir 1,1 milljarð árið 2014. Staðir sem eru á heimsminjaskrá UNESCO eru yfirleitt vinsælir ferðamannastaðir og fá margar heimsóknir á ári hverju.

Ferðaþjónusta er oft tengd við þróun þar sem að hún skapar störf og kemur með erlendan gjaldmiðil inn í lönd sem þurfa á honum að halda. Til dæmis er talið að ferðamenn hafi eytt um 2.1 milljón bandaríkjadala árið 1950, miðað við 1,245 milljarða árið 2014. Ferðamennska getur einnig stuðlað að umbótum á innviðum líkt og vegakerfi, heilbrigðiskerfi og fjarskiptum. Kostirnir sem ferðamennirnir njóta eru aftur á móti tækifærið til að kynnast öðrum löndum, umhverfi þeirra, menningu og lífsgildum og stuðla þannig að alþjóðlegum skilningi og samstöðu. Við getum lært mikið um okkur sjálf með því að skoða líf annarra.

Ferðamennska getur þó einnig haft neikvæð áhrif. Of mikil umferð ferðamanna getur til dæmis brotið niður menningarminjar auk þess sem mengun úr farartækjum og rusl frá ferðamönnum hefur slæm áhrif á náttúruminjar. Aukin umferð ökutækja um heimsminjasvæði hefur haft slæm áhrif, bæði sökum mengunar og vegagerðar, þar sem það skaðar útlit, landslag og lífsgæði dýra sem búa á svæðunum. Tekjur af ferðaþjónustu eru stundum nýttar á ósjálfbæran hátt, til dæmis þegar lögð er áhersla á að byggja hótél, veitingastaði og annan munað fyrir ferðamenn á meðan lítið fer í heilbrigðis- og menntakerfi fyrir íbúa landsins.

- + Hvernig er hægt að gera ferðamennsku á Íslandi sjálfbærari?
- + Hvað gerir alþjóðasamfélagið til auka sjálfbærni í ferðaþjónustu á alþjóðavísu? Hvað er hægt að gera betur?

Sjálfbær ferðamennska

Sökum slæmra áhrifa ferðaþjónustu á náttúru og umhverfi er þörf á nýrri stefnu í ferðaþjónustu. Stefnu, sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi og hvetur gestgjafalönd til þess að nýta menningarlega sjálfsmynd sína; kynna menningu sína og umhverfi og hvetja þannig til varðveislu þess og virðingu.

Alþjóðasamfélagið þarf einnig að sammælast um gagnkvæma virðingu og samstöðu til þess að gera ferðaþjónustu sjálfbærari. Það er nú þegar gert að einhverju leyti, til dæmis er æ sjaldnar búist við að handklæði og rúmföt séu þvegin á hverjum degi á hótélum og gistiheimilum. Þetta er afar mikilvægt, sérstaklega í löndum þar sem vatnsskortur er viðvarandi.

Aukin ferðamennska getur haft alvarleg áhrif á varðveislu og viðhald menningar- og náttúruminja og því þarf að vernda og viðhalda slíkum verðmætum á sjálfbæran og góðan máta. Sem ákvörðunartökuaðilar framtíðarinnar þarf ungt fólk að vera meðvitað um þessar hættur og skilja börfina á sjálfbærri leið í ferðabiðnustu.

